

1871.

15. apríl.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur- amtsins, um málaskot í sakamálum til æðra réttar.¹

Í bræfi 31. ágúst f. á. hefir amtið borið upp fyrirspurn um, hvernig eigi að skilja það, sem fyrirmælt er í tilskipun viðvikjandi misgjörðamálum á Íslandi, 24. janúar 1838, 15 gr., um það, hvernig skjóta skuli sakamáli til hins konunglega íslenska landsyfirréttar. Amtið hefir um þetta efni álit, að það sè samkvæmt orðunum í tilskipuninni og leiði af tilgangi lagaboðsins, að þegar sýslumaður eptir beiðni hins dæmda skjóti dómi til yfirrettarins, þá skuli það hafa sama gildi og háyfirvaldið hefði skotið málinu í æðra dóm fyrir réttvísinnar hönd, og geti því sýslumaður beinlínis sent yfirréttinum málið án tilhlutunar frá hálfu amtsins, og yfirretturinn dæmt málið að öllu leyti. Aptur á móti hefir yfirretturinn ályktað svo, að tilskipunin leyfi ekki, að leggja þessa þýðingu í stefnu sýslumanns fyrir hönd hins dæmda, og að engin lög sè til þess, að sýslumaðurinn sem undirvaldsmaður fyrir hönd háyfirvaldsins skjóti málinu til yfirrettarins af hálfu hins opinbera; með því af þessu hefir leidd, að orðið hefir að senda skjölin í öllum sakamálum til hlutaðeiganda amts, svo það geti ákveðið, hvort skjóta skuli málinu til æðra dóms fyrir hið opinbera, og, þegar svo hefir borið við, senda aptur sýslumanni dómsgjörðirnar, svo stefna amtsins fyrir hönd hins opinbera verði birt, en af þessu verður mikill dráttur á málunum, hefir amtið borið upp við dómsmálastjórnina, hvort ekki sè ástæða til að gjöra nokkrar sèrstaklegar ráðstafanir í þessu efni.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álit stiptamtmanns og amtmannsins í vesturumdæminu um þetta mál, gefst hér með til vitundar, til leiðbeiningar og svo það verði birt og þær ráðstafanir gjörðar, sem með þarf, það, sem hér skal greina.

Þegar hin almenna ákvörðun í tæðri tilskipun 1. gr., þar sem fyrir er mælt, að dönsk lög um misgjörningamál skuli gilda á Íslandi, með þeim undantekningum og nákvæmari ákvörðunum, er síðar í þessari tilskipun munu tilteknar verða, er borin saman við

¹) Sama dag var hinum amtmönnum skrifað á sömu leið.

það, sem ákveðið er í 15 gr., að sýslumennirnir skuli ráðstafa því nauðsynlega til áfríunar undirrættardómsins fyrir landsyfirrétti, verður dómsmálastjórnin að álita, að tæða 15. grein eigi að skilja samkvæmt því, sem lög eru til í konungsríkinu eftir 17. gr. í tilskipun 29. nóvbr. 1837, er nákvæmar ákveður um lögsókn í sakamálum, o. s. frv., þannig, að bæði þegar nauðsyn er á að skjóta málinu til æðra dóms og þegar hinn dæmði krefst þess, skuli senda amtinu dómsgjörðirnar, eftir að sýslumaður hefir ritað á þær það, sem með þarf, og skal amtið þá, ef því finnst ekki ástæða til að skjóta málinu til yfirrettarins fyrir hið opinbera, en hinn dæmði hefir heimtað það, koma dómsgjörðunum til yfirrettarins, en ef amtið fyrir hönd hins opinbera stefnir málinu til yfirrettarins, skal senda dómsgjörðirnar aptur til sýslumanns, svo stefna amtsins verði birt hlutaðeiganda, og þá skal aptur senda þær amtinu, og þaðan skulu þær ganga til yfirrettarins. Stjórnarráðinu hefir ekki fundizt ástæða til að breyta þessu, og skal jafnframt benda amtinu á, að þegar hinn dæmði hefir heimtað, að málið gangi til æðra dóms, þá sé aðeins þörf á, að hið sama sé gjört af hálfu hins opinbera, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi er dæmdur sýkn af nokkrum þeim afbrotum, er hann er lögsóktur fyrir (sbr. um-burðarbréf dómsmálastjórnarinnar 28. apríl 1851 og 15. desbr. 1852), en ekki þarf að skjóta málinu til yfirrettarins fyrir hönd hins opinbera til þess að hinn seki verði dæmdur í þyngri hegning, með því ekkert er því til fyrirstöðu, að yfirréttirnir leggi þyngri hegningu á hinn dæmda, jafnvel þó málið aðeins sé lagt undir æðri dómi eftir beiðni hans (sbr. hæztaréttar dóm 16. apríl 1868).

1871.
15. apríl.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um gjald spítalahluta.

15. apríl.

Þaræð það hefir komizt upp, þá er reikningar þeir, sem samkvæmt tilskipun 10. ágúst, 1868, 5 gr., gjörðir hafa verið um gjald spítalahluta í fyrra í sjö sýslum landsins og kaupstaðnum Reykjavík, að hlutaðeigandi embættismenn, er þeir heimtuðu gjaldið, hafa skilið með ýmsu móti 2. gr. í tilskipuninni, þar sem fyrir er